

REGLUGERÐ

um veiðar dagabáta fiskveiðiárið 2003/2004.

1. gr.

Reglugerð þessi tekur til veiða þeirra báta, sem aðeins mega stunda handfæraveiðar í tiltekinn fjölda sóknardaga, sbr. 6. gr. laga um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum, hér eftir nefndir dagabátar.

Á tímabilinu 1. nóvember 2003 - 31. mars 2004 er dagabátum óheimilt að stunda veiðar, sbr. þó 2. mgr. 4. gr.

2. gr.

Á fiskveiðiárinu 2003/2004 eru sóknardagar 19, sbr. 2. mgr. 6. gr. laga nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum, en við úthlutun sóknardaga til einstakra báta skal Fiskistofa taka tillit til þeirra breytinga sem orðið hafa á sóknarréttindum þeirra samkvæmt 4. mgr. 6. gr. sömu laga.

3. gr.

Við útreikning á nýtingu sóknardaga skal miða við þann tíma sem bátur er á sjó og telst hver sóknardagur 24 klukkustundir. Sókn hvers báts skal reiknuð frá þeim tíma er bátur lætur úr höfn til þess er bátur kemur til hafnar til löndunar afla. Hver veiðiferð reiknast í heilum klukkustundum og telst hafin klukkustund heil klukkustund í því sambandi.

Skipstjóri skal tilkynna Fiskistofu um upphaf veiðiferðar áður en lagt er úr höfn. Telst veiðiferð hafin þegar tilkynning er send. Skipstjóri skal einnig tilkynna Fiskistofu þegar afla er landað hverju sinni. Tilkynningar skal senda í gegnum Símakrók, sjálfvirkan þjónustusíma Fiskistofu. Í tilkynningu skal ávallt koma fram úr hvaða höfn haldið er í veiðiferð og enn fremur í hvaða höfn afla er landað.

Við eftirlit með sókn dagabáta hefur Fiskistofa aðgang að sjálfvirku tilkynningarkerfi íslenskra skipa. Komi upp misræmi milli tilkynninga samkvæmt 2. mgr. og skráningar samkvæmt sjálfvirka tilkynningarkerfinu getur Fiskistofa ákveðið að hin sjálfvirka skráning verði lögð til grundvallar við útreikning sóknar. Óheimilt er að fara í róður nema sjálfvirka tilkynningatæki bátsins sé virkt.

Fiskistofu er þó heimilt að veita tímabundna undanþágu frá skilyrði 3. mgr. enda hafi bátur gilt haffærisskírteini og fyrir liggi staðfesting umboðsaðila þess efnis að tæki til sjálfvirkrar tilkynningar hafi verið pantað í viðkomandi bát eða sé í viðgerð. Undanþágu er heimilt að veita í allt að mánuð í senn en þó ekki lengur en tvo mánuði samtals.

4. gr.

Utan sóknardaga eru dagabátum bannaðar allar veiðar á nytjastofnum. Fiskistofa getur þó veitt leyfi til sérstakra veiða á botndýrum með plógum og gildrum svo og til hrognkelsaveiða í net, samkvæmt reglugerðum þar að lútandi.

Fái dagabátur sérstakt leyfi, samkvæmt 1. mgr., er honum óheimilt að nýta sóknardaga þann tíma sem leyfið gildir. Velji eigandi þann kost að nýta ekki allan gildistíma leyfisins, skal hann tilkynna til Fiskistofu hvenær hann hættir að nýta leyfið og er honum eftir það heimilt að nýta sóknardaga bátsins.

Landi dagabátur sem stundar hrognkelsaveiðar aukaafli í botnfiski, getur Fiskistofa áætlað sóknartíma á bátinn vegna aukaafans. Skal Fiskistofa þá miða við að ákveðið magn leiði til einnar sóknarklukkustundar og taka mið af meðalafli hjá krókabátum við handfæraveiðar á sama tíma.

Nýti dagabátur leyfi, samkvæmt 1. mgr., til þess að veiða aðrar tegundir en leyfið miðast við, varðar það leyfissviptingu og viðurlögum skv. 8. gr.

5. gr.

Óheimilt er dagabáti að vera á sjó með veiðarfæri utan sóknardaga.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er heimilt að flytja dagabáta milli hafna með veiðarfæri um borð, enda sé slíkur flutningur fyrirfram tilkynntur Fiskistofu. Í þeirri tilkynningu komi fram milli hvaða hafna bátur er fluttur. Fari bátur á sjó án veiðarfæra á því tímabili sem um ræðir í 1. mgr. skal eigandi hans tilkynna það fyrirfram til Fiskistofu. Tilkynningar skal senda í gegnum Símakrók, sjálfvirknan þjónustusíma Fiskistofu. Tæki til sjálfvirkrar tilkynningar skal einnig virkt, nema undanþága hafi verið veitt samkvæmt 4. mgr. 3. gr.

Heimilt er dagabátum að stunda veiðar í tómstundum, enda séu engin veiðarfæri um borð, önnur en handfæri án sjálfvirknibúnaðar og veiðistangir. Afla sem fæst við slíkar veiðar er ekki heimilt að selja eða fénýta á annan hátt. Skipstjórar báta sem fara til tómstundaveiða skulu tilkynna Fiskistofu um það áður en veiðiferð hefst.

Ef ekki er tilkynnt með fullnægjandi hætti, sbr. 2. og 3. mgr., reiknast fjarvera báts úr höfn sem sókn.

6. gr.

Um veitingu leyfa til veiða í atvinnuskyni fer samkvæmt 5. gr. laga nr. 38/1990. Óheimilt er að veita báti 6 brúttótonn eða stærri, sem ekki hefur leyfi til handfæraveiða með dagatakmörkunum við lok fiskveiðiársins 2002/2003, leyfi til veiða samkvæmt þessari reglugerð. Þá er óheimilt að stækka bát, sem leyfi hefur til handfæraveiða með dagatakmörkunum, þannig að hann verði 6 brúttótonn eða stærri.

7. gr.

Heimilt er að flytja heila sóknardaga innan fiskveiðiársins eða varanlega milli dagabáta. Sé sá bátur sem sóknardagarnir eru fluttir til, stærri í brúttótonnum talið en sá bátur sem dagarnir eru fluttir frá skal skerða flutta sóknardaga í hlutfalli við stærðarmun bátanna. Á sama hátt skal skerða sóknardaga báts sem er stækkaður. Flutningur sóknardaga til minni báts eða breytingar á báti, sem leiða til minnkunar hans hafa ekki áhrif á fjölda sóknardaga.

Óheimilt er að flytja hlutfallslega fleiri sóknardaga frá báti, umfram þá daga sem fluttir hafa verið til báts, en sem nemur hlutfallslegri nýtingu bátsins á úthlutuðum sóknardögum á fiskveiðiárunum 1996/1997 og 1997/1998. Í því sambandi skal miðað við meðaltal af sóknardaganýtingu áranna.

Séu sóknardagar fluttir frá báti skulu þeir sóknardagar sem báturinn hefur eftir flutninginn vera mismunur þess fjölda sóknardaga sem heimilt er að flytja frá bátum og þeirra sóknardaga sem fluttir hafa verið, að teknu tilliti til sóknardaga, sem fluttir hafa verið til bátsins. Séu sóknardagar fluttir til báts, sem hefur sóknardaga fyrir, breytist ekki sóknardaganýting, sbr. 2. mgr., á þeim dögum sem fyrir voru.

Eignist aðili sem á fyrir dagabát annan bát, sem er án sóknardaga og koma skal í stað þess báts sem hann á fyrir, er honum heimilt að flytja til hins nýja báts sóknardaga og sóknardaganýtingu sem eru á þeim báti sem hann átti fyrir, að teknu tilliti til þeirra breytinga sem af stærðarmuni leiða skv. 1. mgr. Sama gildir hafi aðili eignast bát, sem sætt hefur fullri skerðingu samkvæmt ákvæðum 2. og 3. mgr.

Við útreikning daga samkvæmt þessari grein skal broti sleppt.

Tilkynna skal til Fiskistofu um flutning sóknardaga milli báta og öðlast flutningurinn ekki gildi fyrr en Fiskistofa hefur staðfest hann. Umsóknir um flutning sóknardaga milli báta innan fiskveiðiársins 2003/2004 skulu hafa borist Fiskistofu eigi síðar en 15. september 2004.

Umsóknir um flutning varanlegra sóknarréttinda milli fiskibáta ásamt fullnægjandi fylgi-gögnum skulu hafa borist Fiskistofu eigi síðar en 31. júlí 2004. Berist umsókn síðar, hefur flutningur varanlegra sóknarréttinda ekki áhrif á úthlutun sóknardaga á fiskveiðiárinu 2004/2005.

8. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum VI. kafla laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða með síðari breytingum, og lögum nr. 57, 3. júní 1996, um umgengni um nytjastofna sjávar. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála. Um gjald vegna ólögmæts sjávarafila fer samkvæmt ákvæðum laga nr. 37, 27. maí 1992, um sérstakt gjald vegna ólögmæts sjávarafila.

9. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt ákvæðum laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða með síðari breytingum, öðlast þegar gildi og kemur til framkvæmda 1. september 2003 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 8. ágúst 2003.

Árni M. Mathiesen.

Jón B. Jónasson.

REGLUGERÐ

um friðun hrygningarporsks og skarkola á vetrarvertíð 2004.

**Austursvæði
(Stokksnes að 19° V).**

1. gr.

Frá og með 8. apríl til og með 16. apríl eru allar veiðar óheimilar á svæði fyrir Suðurlandi, sem að austan markast af línu sem dregin er réttvísandi 90° frá Stokksnesi og að vestan af 19° 00' V. Að utan markast svæðið af línu sem dregin er í 4ra sjómílna fjarlægð frá fjöllumarkum meginlandsins.

Frá og með 17. apríl til kl. 10.00 28. apríl markast ytri mörk svæðisins vestur um frá Stokksnesi af línu sem dregin er í 12 sjómílna fjarlægð frá viðmiðunarlínu í punkt á 17° 00' V. Þaðan í punkt 63° 15' N og 17° 00' V og síðan í punkt 63° 05' N og 17° 40' V og þaðan í réttvísandi 270° að 19° 00' V.

Ennfremur eru á tímabilinu frá og með 8. apríl til og með 16. apríl allar veiðar óheimilar á neðangreindum svæðum innan lína sem dregnar eru milli eftirgreindra punkta:

Hrollaugseyjar:

1. 64° 05' 0 N - 16° 06' 0 V
2. 64° 01' 8 N - 15° 59' 0 V
3. 64° 03' 0 N - 15° 39' 0 V
4. 64° 13' 5 N - 15° 29' 0 V

Ingólfshöfði:

1. 63° 47' 0 N - 16° 54' 0 V
2. 63° 38' 0 N - 16° 35' 0 V